

fjárnáms, verður það eigi talið rétt, að hann hafi eigi átt kost á að nota rétt sinn eftir téðri lagagrein, enda er það eigi sannað, að svo nærri honum hafi verið gengið með fjárnáminu, að hann hafi eigi átt eftir fjármuni, er næmi þeirri upphæð, er honum var heimilt að undanþiggja.

Það verður því eigi heldur fallist á þessa kröfu áfrýjanda og ber að staðfesta fjárnámsgjörðina og sýkna stefnda af kröfu áfrýjanda um skaðabætur fyrir hana. Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 25 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi og fjárnámsgjörð skal óraskað. Áfrýjandi, Karel Hjörtpórsson, greiði stefnda, Tryggva Gunnarssyni, 25 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 10. desember 1917.

Nr. 27/1917.

Gísli Hjálmarsson
gegn

Sveini Björnssyni f. h.
Ólínú Einarsdóttur.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði Sveinn Björnsson yfirréttar-málaflutningsmaður fyrir hönd Ólínu Einarsdóttur í Vestmannaeyjum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda, Gísla Hjálmarssyni útgerðarmanni í Reykjavík, til þess að fá hann dæmdan til að greiða um-þjóðanda sínum eftirstöðvar af kaupi hennar 120 kr., svo og fæðispeninga meðan hún lá veik ásamt vöxtum og málskostnaði, og var málið sótt með gjafsókn fyrir bæjarþinginu. Áfrýjandi höfðaði þá gagnsök á hendur stefndu og krafðist þess í aðalmálinu, að verða algerlega sýknaður af kröfum Ólínu Einarsdóttur, og í gagnsökinni krafðist hann þess, að hún yrði dæmd til að greiða honum skaðabætur 107 kr. 72 a. með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags, eða til vara skaðabætur eftir dómarsans eða óvilhallra manna mati. Svo krafðist hann þess, að skuldajöfnuður yrði gerður á þeirri upphæð, er stefnda kynni að verða dæmd í aðalmálinu og þeirri upphæð, er áfrýjanda yrði dæmd í gagnsökinni og stefnda dæmd til að greiða mismuninn. Loks krafðist hann málskostnaðar í aðalsök og gagnsök eftir mati réttarins. — Málum þessum lauk svo fyrir bæjarþinginu 1. marz þ. á., að í aðalmálinu var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda fyrir hönd Ólínu Einarsdóttur 69 kr. með 5% ársvöxtum frá 7. des. 1915 til greiðsludags, en í gagnsökinni var stefnda sýknað af öllum kröfum áfrýjanda. Málskostnaður var látinn falla niður, en skipuðum málfærslumanni stefndu, Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutnings-

manni, voru dæmd málfutningslaun 30 kr. úr lands-sjóði. Máli þessu hefir Gísli Hjálmarsson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefni 29. marz þ. á., og gerir hann hér fyrir réttinum hinar sömu kröfur og fyrir undirrétti. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir báðum réttum. — Ólínu Einarsdóttur hefir verið veitt gjafvörn í málinu fyrir yfirdómi, svo og gjafsókn til að gagnáfrýja því, og hefir stefndi, Sveinn Björns-son, verið skipaður til að flytja málið fyrir hennar hönd. Hefir hann gagnáfrýjað málinu með stefnu útgefni 8. sept. þ. á. og krefst hann þess, að bæj-arpingsdóminum verði breytt þannig, að kröfur um-þjóðanda síns fyrir undirrétti verði teknar til greina að öllu leyti og henni dæmdur málskostnaður fyrir undir- og yfirrétti bæði í aðalsök og gagnsök, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en til vara krafð-ist hann þess, að hinn áfrýjandi dómur yrði staðfest-ur og henni dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi, eins og málið væri eigi gjafvarnar- og gjafsóknar-mál. — Hin stefnda, Ólína Einarsdóttir, var ráðin ver- stúlka hjá áfrýjanda um 6 mánaða tíma og kemur málsaðilum saman um, að hún hafi átt að fá 45 kr. kaup á mánuði eða 270 kr. fyrir allan tímann auk fæðis og húsnæðis. Af upphæð þessari telur stefnda að eftir standi 120 kr., er hún hefir stefnt fyrir, auk fæðispeninga, en áfrýjandi hefir neitað því, að eftir standi meira en 49 kr. með því að hann telur, að eftirnefndar upphæðir eigi að koma til frádráttar kaupi hennar:

1. Greitt í peningum	kr. 45,00
Flyt	kr. 45,00

	Fluttar . . .	kr.	45,00
2.	Hlutfallslegt kaup í 40 veikindadaga	—	60,00
3.	Legukostnaður á spítala	—	53,50
4.	Fæðispeningar heima, áður en hún var flutt á spítala	—	6,00
5.	Fyrir mótorbátsferð með stefndu til Reykjavíkur	—	50,00
6.	Læknishjálp, hestlán og símagjald	—	6,50
	Samtals	kr.	221,00

Um 1. lið mótreikningsins er enginn ágreiningur. — Um 2. lið. Málsaðilar eru sammála um það, að draga eigi frá kaupí stefndu hlutfallslegt kaup fyrir þá daga, sem Ólína var frá verkum sökum veikinda, en ágreiningur er um það hvað margir dagar þetta hafi verið. Áfrýjandi telur þá 40 en stefnda telur þá 34. En þar sem stefnda hefir ekki gegn staðhæfingu áfrýjanda skýrt frá hvenær hún hafi slasast og hvenær hún hafi komið aftur til vinnunnar, virðist rétt að taka skýrslu áfrýjanda hér að lútandi til greina. Ber því að draga umræddar 60 krónur frá kaupí stefndu.

Um 3. lið. Legukostnað þann, er hér ræðir um, hefir stefnda eftir skýrslu málaflutningsmanns síns dregið frá kaupkröfu sinni, og dregst því frá kaupupphæðinni. — Um 4. lið. Í þessum lið hefir áfrýjandi krafist þess, að frá kaupkröfu stefndu verði dregnar 6 kr. fyrir fæði hennar í 4 daga, áður en hún var flutt á sjúkrahús, og hefir hann rökstutt þessa kröfu sína með því að stefnda hafi slasast af ótilhlýðilegri breytni hennar sjálfrar. En vitnisburðir þeir, er fram hafa komið í málinu, verða ekki taldir nægileg sönn-

un þess, að slysið hafi orsakast af ótilhlýðilegri breytni hennar, og var þá áfrýjanda skylt að fæða hana ókeypis, með því að ætla verður, að ákvæði 18. gr. fátækralaganna 10. nóv. 1905, eða analogi þeirrar greinar eigi við ráðningarsamning þann, er hér ræðir um. Það er því ekki heimild til að draga umræddar 6 kr. frá kaupkröfu stefndu, og af sömu ástæðu verður að álíta að áfrýjanda beri að greiða stefndu fæðispeninga, 50 aura á dag, fyrir þá 36 daga, sem stefnda hefir legið sjúk utan heimilis síns.

Um 5. lið. Að því er þennan lið snertir, 50 kr. fyrir mótorbátsferð með stefndu til Reykjavíkur, hefir hún ekki sannað, að báturinn hafi átt annað erindi en að flytja hana, og þar sem hún heldur eigi hefir sýnt fram á, að upphæðin sé ósanngjör, en enginn vafi er á því, að stefnda á að greiða kostnað við flutning sinn á sjúkrahús, þá ber nefnd upphæð að koma til frádráttar kaupi hennar. — Um 6. lið. Því hefir ekki verið mótmælt, að þau útgjöld, er hér ræðir um, 4 kr. fyrir læknishjálp og 2 kr. 50 a. fyrir hestlán og símtal, hafi verið í þágu stefndu og ber því að draga þessar samtals 6 kr. 50 a. frá kaupi hennar.

Samkvæmt framansögðu ber áfrýjanda að greiða stefndu 270 kr. auk fæðispeninga í 36 daga 18 kr. = 288 kr. ÷ (kr. 45,00 + kr. 60,00 + kr. 53,50 + kr. 50,00 + kr. 6,50) = kr. 73,00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 3. des. 1915 til borgunardags.

Í gagnsökinni fyrir undirrétti hélt áfrýjandi því fram, að stefnda hefði sýnt yfirboðurum sínum óhlýðni og vanrækt starf sitt, og að hún með vanrækslu sinni

hefði orðið þess valdandi, að einn af mótorbátum áfrýjanda hafi ekki getað róið einn dag vegna þess, að eigi hafi verið beitt á bátinn, og hafi áfrýjandi beðið 107 kr. 72 a. tap við það, að róður hafi farist fyrir. En þar sem áfrýjandi hefir ekki sannað, að orsökkin til þess að umræddur mótorbátur hans reri ekki til fiskjar þennan dag hafi verið sú, að stefnda beitti ekki á bátinn, verður skaðabótakrafa hans eigi tekin til greina og ber að sýkna stefndu af henni. Ákvæði undirdómsins um málskostnað samþykkjast, en rétt virðist að áfrýjandi greiði kaup hins skipaða málflutningsmanns stefndu fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 krónur. Að öðru leyti á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður.

Það vottast, að málfærsla hins skipaða málflutningsmanns stefndu hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Gísli Hjálmarsson, greiði stefnda, Sveini Björnssyni fyrir hönd Ólinu Einarsdóttur, 73 kr. með 5% ársvöxtum frá 3. des. 1915 til greiðsludags. Að öðru leyti á hinum áfrýjaða dómi að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði og málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns stefndu fyrir yfirdómi, Sveins Björnssonar yfirréttarmálaflutningsmanns, 20 kr., en að öðru leyti fellur máls-

kostnaður fyrir yfirdómi niður. Dóminum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 10. des. 1917.

Nr. 32/1917.

Gisli Hjálmarsson
gegn

Sveini Björnssyni f. h. Stef-
áns Magnússonar.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði Sveinn Björnsson yfirréttar-málaflutningsmaður f. h. Stefáns Magnússonar fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn útgerðarmanni Gísla Hjálmarssyni í Reykjavík til þess að fá hann dæmdan til að greiða umbjóðanda sínum 443 kr. 82 a. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað að skaðlausu, en síðar undir rekstri málsins færði sækjandi kröfu sína niður í 407 kr. 82 a.

Gisli Hjálmarsson höfðaði frá sinni hálfu gagnsök á hendur stefnda og krafðist þess í aðalsökinni, að verða algerlega sýknaður af kröfum hans og í gagnsökinni krafðist hann þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum 256 kr. 85 a. í skaðabætur með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags, eða til vara skaðabætur eftir réttarins eða óvilhallra manna mati, og að skuldajöfnuður yrði gerður á þeirri upphæð, er stefnda kynni að